

**Ed.**

**338. Nefndarállt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni við frv., er það borið fram eftir beiðni sóknarmanna í Lágafellssókn. Með málinu mæla safnaðarfundur í Reykjavík, hjeradsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, prófastur og biskup. Í bræfi sínu 13. febrúar þ. á. fer biskup meðal annars þessum orðum um málið:

»Þegar þessi sameining meginhluta Mosfellsprestakalls, sem sje Lágafells- og Viðeyjarsókna, við Reykjavíkurstakall var ákveðin með lögnum frá 1907, voru í dómkirkjusöfnuðinum rúm 6 þúsund manns, sem njóta skyldu prestlegrar þjónustu dómkirkjuprestsins og væntanlegs annars prests, sem eftir sömu lögum skyldi bætast við dómkirkjuna. En síðan hefir ibúum Reykjavíkur, eins og kunnugt er, fjölgað svo, að nú eru í dómkirkjusöfnuðinum á 12. þúsund manns að minsta kosti. Verksvið dómkirkjuprestanna hefir þannig aukist um alt að því helming síðan er löggin voru sett, enda tel jeg alls engar líkur til þess, að þessi ákvæði laganna hefðu náð samþykki Alþingis, hefði nokkurn mann þá órað fyrir jafnhraðfara vexti safnaðarins. Svo vafasamt sem það þótti þá, að nokkur leið væri til þess að bæta Lágafells- og Viðeyjarsóknum á dómkirkjuprestana, jafn-óhugsandi er það nú, eins og verkahringur þeirra hefir vaxið.

Svo að mönnum skiljist, hve önnum blaðnir dómkirkjuprestarnir eru, vil jeg nefna nokkrar tölur frá síðasta ári. Auk 120 messugerða, sem í dómkirkjunni hafa verið fluttar á árinu, hafa þeir framkvæmt 370 barnaskirnin, búið til fermingar 160 börn, gefið saman 126 hjón, greftrað 157 dána, að ótöldum öllum þeim fjölda annara starfa, sem á þeim hvila í jafnfjölmennum söfnuði.

Það er ekki ofsagt, að störfnir eru þegar orðin svo mikil, að ekki er til jafnmikils ætlast af nokkrum prestum á landinu og af dómkirkjuprestunum. Þeir eru svo störfum blaðnir sýknt og heilagt, að með sanni má segja um þá, að þeir geti aldrei um frjálst höfuð strokið. Hver ógerningur það er að ætla þeim nú að bæta á sig ærið fjölmennum söfnuðum, og öðrum þeirra enda jafnvíðáttumiklum og Lágafellssöfnuði, liggur í augum uppi. Jeg fæ ekki sjed, að slík samsteypa sje möguleg, nema með því að bæta þriðja prestinum við dómkirkjuna, ef ekki á beinlínis að svifta Mosfellssveitina allri prestsþjónustu, því að sú yrði óbjákvæmilega niðurstaðan, ef tveir dómkirkjuprestarnir ættu að hafa þjónustuna á hendi ásamt þeirri þjónustu, sem fyrir er. Þeir væru svo önnum kafnir heima fyrir, að hinir söfnuðirnir hlytu að verða útundan, og eiga þeir þó ekki síður heimtingu á prestlegri þjónustu en Reykjavíkursöfnuðurinn«.

Í hinu gamla Mosfellsprestakalli eru þrjár sóknir: Brautarholtssókn, Viðeyjar og Lágafells. Eftir lögunum frá 1907 á að leggja Brautarholtssókn til Reynivallaprestakalls, en hinar sóknirnar hverfa til Reykjavíkurstakalls. Nefndin telur ekki frágangssök að bæta Brautarholtssókn við Reynivallaprestakall. Að vísu mun núverandi Reynivallaprestur ófánlegur til að taka að sjer þjónustu þessarar sóknar, og er eigi heldur skyldur til þess. Þá telur nefndin ekki ókleift fyrir dómkirkjuprestana að þjóna Viðeyjarsókn. Öðru máli er að gegna um Lágafellssókn. Um það verður nefndin að vera biskupi samdóma, að það sje ógerningur að heimta það af dómkirkjuprestunum, að þeir bæti þeirri sókn við sig. Embættisstörf þeirra eru svo mikil og erfið, að með engu móti verður viðbætt sem nemur. Enginn hinna annara nágrannaprestanna getur tekið að sjer þjónustu Lágafellssóknar til frambúðar, hvorki Reynivallaprestur, Þingvallaprestur nje Garðaprestur. Þótt það sje ekki með öllu ógerningur að þjóna Lágafellssókn frá Görðum vegalengdar vegna, þá getur það ekki komið til mála að bæta þeirri sókn við Garðaprestakall síðan er Kálfatjarnarprestakall bættist við það.

Þótt nefndinni sje það mjög óljúft að leggja það til, að bætt sje við prestakalli, þá telur hún sjer ekki annað fært en að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 12. apríl 1923.

Jón Magnússon,  
form. og frsm.

Sigurður H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,  
fundaskrifari.